

Fréttatilkynning frá eigendum jarðarinnar Drangavíkur 17. apríl 2020

Eigendur Drangavíkur höfða landamerkjamáli

Meirihlutaeigendur jarðarinnar Drangavíkur í Árneshreppi hafa höfðað landamerkjamáli til þess að fá skorið úr um rétt merki milli Drangavíkur og jarðanna Engjaness og Ófeigsfjarðar.

Drangavík er landnámsjörð. Eigendurnir telja að fyrirhuguð Hvalárvirkjun nái langt inn á eignarland sitt. Fyrir því liggur ekkert samþykki. Nýting vatnasviðs Eyvindarfjarðarvatns er ein af forsendum Hvalárvirkjunar en vatnið telja eigendur Drangavíkur vera í sínu landi. Þeir hafa lýst sig andvíga virkjuninni og ætla ekki að heimila nýtingu vatnsréttinda jarðarinnar í þágu hennar.

Í ljós er komið að engin rannsókn var gerð á landamerkjum í tengslum við áformin um Hvalárvirkjun. Virðast áformin einhliða byggð á áætluðum jarðamörkum dregnum upp fyrir 15-20 árum í svokölluðum Nytjalandsgrunni. Þau jarðamörk hafa enga lagalega þýðingu líkt og Þjóðskrá Íslands hefur áréttað í [opinberri tilkynningu](#). Línur Nytjalandsgrunnsins ganga í mikilvægum atriðum gegn orðalagi þinglýstra landamerkjalýsinga frá 1890 og öðrum heimildum. Nytjalandslínur gera meðal annars ráð fyrir að hálf Eyvindarfjarðarvatn liggja í landi Engjaness, en sú jörð hefur ekki verið í ábúð um aldir heldur var nytjuð af eigendum og ábúendum Drangavíkur fram á síðustu öld. Engjanes komst svo í eigu ítalska barónsins Felix von Longo-Liebenstein árið 2006, skömmu áður en upphafleg virkjunarhugmynd varð til.

Síðastliðið sumar var Sigurgeir Skúlason landfræðingur fenginn til að hnitsetja landamerki jarðanna eftir landamerkjalýsingum frá 1890, í fyrsta og eina sinn sem það hefur verið gert. Eru landamerkin á uppdrætti Sigurgeirs í samræmi við þá vitneskju sem alla tíð hefur legið fyrir meðal heimamanna. Byggja eigendur Drangavíkur á þessu og margvíslegum öðrum heimildum í dómsmálinu, svo sem máldögum, jarðamati, sóknarlýsingum og Landnámapók.

Eigendur 75% hluta jarðarinnar Drangavíkur standa að dómsmálinu. Þeir telja sig knúna til þess að höfða máli á hendur eigendum Engjaness og Ófeigsfjarðar til að fá skorið úr með dómi um landamerki en þeir síðarnefndu hafa hafnað sáttaumleitan fyrir sýslumanni samkvæmt landamerkjalögum. Eigendurnir sækja um gjafsókn vegna málsins.

Ástæða aðgerða meirihlutaeigenda Drangavíkur er vilji til að óbyggðir Ófeigsfjarðarheiðar, vatnsföllin, fossarnir og strandlengjan fái að vera óröskuð um ókomna tíð og náttúran fái að þróast á eigin forsendum. Hvalárvirkjun mun ekkert gera fyrir mannlíf á Ströndum norður, heldur þvert á móti eyðileggja þá möguleika sem felast í náttúruvænni uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar. Hvalárvirkjun er ekki nauðsynleg til að tryggja raforkuöryggi á Vestfjörðum og bygging hennar myndi ennfremur leiða til neikvæðra umhverfisáhrifa af háspennulínum og vegslóðum í óbyggðum.

f.h. eigenda meirihluta Drangavíkur á Ströndum


Lára Ingólfssdóttir

ling@nt.is


Á næstu síðum eru kort sem sýna mismuninn á jarðamörkum eftir því hvort miðað er við skilning meirihlutaeigenda Drangavíkur á þinglýstum landamerkjalýsingum frá 1890 eða

upprátt Nýjalands frá 2002. Jafnframt er að finna kort Sigurgeirs Skúlasonar landfræðings, svo og mynd Golla/Kjartans Þorbjörnssonar af Eyvindarfjarðarvatni og Eyvindarfjarðará. Gólli hefur gefið leyfi til birtingar myndarinnar, vinsamlega getið ljósmyndara. Kort og myndir fylgja þessari fréttatilkynningu einnig sem sér skrár.

Í landamerkjamálinu gera eigendur Drangavíkur einnig varakröfu, sem endurspeglar hugsanlega túlkun þinglýstrar landamerkjalyýsingar Ófeigsfjarðar. Varakrafan breytir þó engu um rétt til ráðstöfunar Eyvindarfjarðarvatns.



Ætluð merki jarða í gögnum Hvalárvirkjunar



Þau landamerki sem sýnd eru í gögnum Hvalárvirkjunar og gefa til kynna að Eyvindarfjarðarvatn heyri til Engjaness og Ófeigsfjarðar eru byggð á síðari tíma ágiskunum í tengslum við verkefnið Nytjaland. Sá landamerkjagrunnur er birtur án ábyrgðar og byggir ekki á þinglýstum landamerkjalýsingum.



Jarðamörkin sem Sigurgeir Skúlason landfræðingur dró upp í samræmi við þinglýst landamerkjabréf frá 1890. Á kortið hefur jafnframt verið dregin lína sem sýnir varakröfu eigenda Drangavíkur í landamerkjamálinu.



Eyvindarfjarðarvatn og Eyvindarfjarðará, Drangajökull í baksýn.
Ljóm: Golli/Kjartan Þorbjörnsson. Birting heimil.